

# Ársskýrsla 2004





## Efnisyfirlit

	Bls.
Íþróttamiðstöðin í Laugardal	2
Framkvæmdastjórn ÍSÍ	2
Skipting í nefndir	3
Skrifstofa	3
Reglugerðir ÍSÍ	3
Heimasíða ÍSÍ	3
Verkefnasjóður ÍSÍ	4
Formannafundur ÍSÍ	4
Útgáfa Íþróttablaðsins	4
Fundur fyrir framkvæmdastjóra sambandsaðila	4
Kynnisferð til Danmerkur	5
Lagamál	5
Dómsmál	5
Erlend samskipti	5
Vinnuhópar frá síðasta Íþróttþingi	5
Íslendingar í nefndum erlendis	6
Lyfjaeftirlit	7
Ákstursíþróttir	8
Aðalfundur EOC 2002	
– Þing IOC 2007?	8
Lottó ÍSÍ og UMFÍ	8
Hnefaleikar	9
Hóf Íþróttamanns ársins	9
Slysatryggingamál	10
Íslendingar á Ólympíuleikum	11
Lottó og getraunir	11
Nýr menntamálaráðherra	12
Evrópuár menntunar með iðkun íþróttar	12
Laugarvatn	12
Fjárframlög til íþróttahreyfingarinnar frá Alþingi	12
ÍSÍ tekur þátt í viðamikilli rannsókn á lífsstill 9 og 15 ára Íslendinga	13
Fyrirmyndarfélag ÍSÍ	13
Skattamál íþróttahreyfingarinnar	13
Börn og íþróttir	14
Afreksíþróttamál	14
Fagteymi ÍSÍ	14
Smáþjóðaleikar á Möltu	15
Ólympíuakademían	15
Smáþjóðaleikar í Andorra	15
Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Vetrarhátíð 2005	16
Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Sumarhátíð 2005	16
Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Sumarhátíð 2003	16
Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Vetrarhátíð 2003	16
Ólympíuleikarnir í Aþenu	17
Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna	17
Fræðslumál	18
Ólympíusamhjálpin	18
Ólympíufjölskylda	18
Tengsl þjálfarakerfisins við skólakerfið	19
Námskeið sérsambanda	19
Ráðstefnur og málþing	19
Ólympíuleikar imyndarafllsins	20
Ólympíuhlaupið	20
Tölvu- og upplýsingakerfi íþróttahreyfingarinnar	20
Samstarf við íþróttaræðasetur KHÍ	20
Útgáfa	20
Almenningsíþróttir mikilvægur þáttur í starfsemi íþróttahreyfingarinnar	21
Tölfræðiupplýsingar frá ÍSÍ	24
Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands – Ársreikningur 2003	41
Ólympíusjóður – Ársreikningur 2003	57

# Okkur miðar áfram



Eins og jafnan áður þegar forysta íþróttahreyfingarinnar kemur saman er margt að minnast í atburðum og afrekum. Íþróttalífið er eins og iðandi straumur sem

beljar áfram, nýjar kynslóðir koma fram á sjónarsviðið, ný met eru slegin, nýjir sigurvegarar, ný mannvirki, nýjir tindar til að klífa. Það er ekkert lát á. Þessum atburðum, viðureignum, leikjum, mótum og keppni hverskonar er ítarlega getið frá degi til dags í fjölmiðlum, sem sinna íþróttalífinu af kostgæfni.

En ef við stöðrum við á íþróttþingi og skoðum sviðið í heild sinni, þá þróun sem átt hefur sér stað og stöðu íþróttanna í samfélaginu, þá er þar tvennt sem mig langar að nefna sérstaklega.

Annarsvegar er um að ræða aukinn skilning og stuðning, jafnt almennings og stjórnvalda, gagnvart íþróttunum. Sveitarfélög hafa upp til hópa staðið afar vel að byggingu nýrra mannvirkja og aðstöðu til íþróttaiðkunar. Sum þeirra hafa jafnframt lagt fé til að greiða niður æfinga- og þáttökugjöld barna undir vissum aldri. Fjárveitingar hafa lagt jafnt og þétt fram auknið fé til stuðnings íþróttastarfseminni í landinu. Þannig hafa beinar fjárveitingar til íþróttamála, hækkað á fjárlögum úr 215 milljónum krónum 2002 í 295 millj. krónur fyrir árið 2004. Íþróttahreyfingin þarf meira og hærra framlag en við getum ekki annað en þakkað það sem vel hefur verið gert og fagnað þeim hljómgrunni og þeim skilningi sem kemur fram í þeim fjárveitingum sem samþykktar hafa verið.

Þá eru ekki meðtaldar þær tekjur sem íþróttahreyfingin, ÍSÍ og UMFÍ hafa af rekstri Íslenskrar Getspár. Alþingi samþykkti um síðustu áramót að framlengja rekstrarleyfi núverandi eignaraðila að lottóinu fram til ársins 2019. Tekjur ÍSÍ og UMFÍ af lottóinu námu samtals 637 millj. kr. á síðustu tveim árum.

Hinsvegar vek ég athygli á annarri þróun, sem einnig er jákvæð, afar jákvæð, sem felst í vaxandi þátttöku alls almennings í landinu í iðkun íþróttar og hreyfingar. Íþróttar- og Ólympíusambandið hefur stutt þessa þróun og stuðlað að henni. Hún er liður í því að gera íþróttir að almenningsseign. Bæði vegna þess að það er annað aðalmarkmið hinnar skipulegu og frjálsu íþróttahreyfingar, og svo af hinu, að þar er verið að bregðast við því hreyfingarleysi, offitu og heilsuleysi, sem hrjáir nútímafólk. Íþróttir eru keppni og þær eru menning og þær hafa félagslegt gildi en kannski er stærsta hlutverk þeirra nú á dögum, að vera forvörn gegn freistingum, vágestum og óhollustu. Íþróttir eru lífsstill, sem fólk á að temja sér. Augu heilbrigðisyfirvalda og hins almenna borgara hafa opnast fyrir þessu.

Þetta hvorutvegga, aukinn stuðningur og vaxandi skilningur á almennu gildi íþróttaiðkunar er vatn á myllu íþróttarhreyfingarinnar, sem hefur oft á liðnum árum, mátt berjast ein og yfirgefin fyrir framgangi íþróttanna.

Það er hlutverk ÍSÍ að halda merkinu á lofti, í þágu íþróttar- ungmennafélaga um land allt, í þágu sérsambanda, í þágu þeirra hugsjóna, sem hefur sameinað krafta okkar hér á íþróttþingi, landi og lýð til blessunar, gleði og heilsubóta.

*Ellert B. Schram  
forseti ÍSÍ*

Mynd á forsíðu: Frá Kvannahlaupi ÍSÍ 2003. 15. Kvannahlaup ÍSÍ fer fram 19.júní 2004.

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.

# Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Á 66. Íþróttapingi ÍSÍ, sem haldið var að Ásvöllum, Íþróttamiðstöð Hauka í Hafnarfirði 27.-28. apríl 2002, voru eftirtaldir kjörnir í framkvæmdastjórn ÍSÍ:

Ellert B. Schram forseti. Auk hans voru kjörin í stjórn: Sigríður Jónsdóttir, Friðjón B. Friðjónsson, Lárus Blöndal, Benedikt Geirsson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Helga H. Magnúsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Sigmundur Þórisson og Gunnar Bragason.

Í varastjórn voru kjörin: Björg Blöndal, Jón Gestur Viggósson og Ingibjörg B. Jóhannesdóttir.

Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnarinnar skipti stjórnin með sér verkum á þann veg að Sigríður Jónsdóttir var kjörin í embætti varaforseta, Benedikt Geirsson í embætti ritara og Friðjón B. Friðjónsson sem gjaldkeri.

Stjórnin hefur haldið 35 fundi frá síðasta Íþróttapingi. Þá hefur framkvæmdaráð, sem í sitja forseti Ellert B. Schram, varaforseti Sigríður Jónsdóttir, gjaldkeri Friðjón B. Friðjónsson, formaður Afrekssviðs Benedikt Geirsson, formaður Almenningsviðs Hafsteinn Pálsson, formaður



Framkvæmdastjórn ÍSÍ 2002-2004. Fremri röð frá vinstri: Benedikt Geirsson, Friðjón B. Friðjónsson, Ellert B. Schram, Sigríður Jónsdóttir, Lárus Blöndal og Hafsteinn Pálsson. Efri röð frá vinstri Gunnar Bragason, Örn Andrésson, Engilbert Olgeirsson, Helga Magnúsdóttir, Sigmundur Þórisson, Jón Gestur Viggósson og Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri. Á myndina vantar Björgu Blöndal og Ingibjörgu B. Jóhannesdóttur úr varastjórn ÍSÍ.

Fjármálaráðs Gunnar Bragason, formaður Laganeftar og Afrekssjóðs Lárus Blöndal og framkvæmdastjóri Stefán Konráðsson, haldið um 50 fundi á starfstímanum.

Framkvæmdaráðið tekur fyrir öll erindi sem berast ÍSÍ og vísar þeim til úrvinnslu undir stjórn framkvæmdastjóra eða annarra eftir atvikum.



## Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Mikil og líflæg starfsemi fer fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Allt húsnæði ÍSÍ er fullnýtt. Gerðar hafa verið breytingar á aðstöðu í húsi 2 og hafa Gólfamband Íslands og Sundsamband Íslands fengið afar góða aðstöðu í því húsi. Nú er unnið að því að gera aðstöðu á jarðhæð í sama húsi, fyrir kaffiteríu og aðstöðu til að hægt sé að fylgjast með beinum útsendingum sjónvarps og í skoðun er að afgreiðsla Getrauna fyrir tippara færast á jarðhæð. Einnig er stefnt að því að endurnýja og lagfæra fundaráðstöðu í húsi 3 en löngu er orðið tímabært að auka tækjabúnað og gera aðstöðu nútímalegri í samræmi við kröfur um fundi.





## Heimasíða ÍSÍ

ÍSÍ hefur lagt í mikla vinnu til að halda úti öflugri heimasíðu og fréttavef tengdu starfinu. Aukning hefur orðið frá ári til árs í heimsóknnum á heimasíðu ÍSÍ og verulega stór hópur fylgist með því sem þar fer fram. Þá hefur verið lögð áhersla á að vera með tengingar við heimasíður sem snúa að verkefnum ÍSÍ, t.d. vegna mannavirkjamála, Ólympiuleika, verkefnisins „Ísland á iði“ og verkefnisins „Hjól- að í vinnuna“.

Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með þeirri þróun sem orðið hefur í heimasíðugerð sambandsaðila en langflestir sambandsaðilar ÍSÍ hafa komið sér upp öflugum heimasíðum og tengingar í þær er að finna á heimasíðu ÍSÍ. Ljóst er að fréttaflutningur af starfi sambandsaðila er kominn á annað og þetta stig með rekstri heimasíðna og þáttur fréttabréfanna og annarra prentmiðla hefur stórminnkað.



## Reglugerðir ÍSÍ

Framkvæmdastjórn hefur endurskoðað reglugerðir sambandsins til að aðlagast breyttu umhverfi og starfi. Reglugerðir ÍSÍ má finna á heimasíðu sambandsins, [www.isisport.is](http://www.isisport.is) en einnig í handbók sem gefin hefur verið út og hægt er að nálgast á skrifstofu ÍSÍ.

# Skipting í nefndir



Frá fundi vinnuhóps um ferðakostnað íþróttahreyfingarinnar.

Við sameiningu ÍSÍ og ÓÍ árið 1997 var lögð áhersla á að fækka nefndum á vegum sambandsins en leggja þess í stað áherslu á að skipa vinnuhópa í einstök málefni. Þetta hefur tekist nokkuð vel. Í dag er fagmálefnum íþróttanna beint inn á þrjú svið ÍSÍ, þ.e. Fræðslusvið, Almennings-íþróttasvið og Afreksíþróttasvið. Þá starfar Heilbrigðisráð, Lyfjæftirlitsnefnd, Lyfjarað, Afreksjóður ÍSÍ, Sjóður ungra og efnilegra, Laganefnd, Tölvunefnd, Fjár-

málaráð, Verkefnasjóður og Alþjóðanefnd sem fastanefndir sambandsins. Einnig eru starfræktar fjórar séríþróttanefndir, sem eru undanfari stofnunar sérsambanda í viðkomandi greinum, þegar þær íþróttgreinar hafa náð tilskildri stærð og þroska. Þetta eru Skvassnefnd, Hjólreiðanefnd, Skyllinganefnd og Hnefaleikanefnd ÍSÍ. Einnig hefur ÍSÍ rekið með óformlegum hætti Kurlingnefnd.



Starfsfólk ÍSÍ frá vinstri; Halla Kjartansdóttir, Stefán Konráðsson, Gígja Gunnarsdóttir, Andri Stefánsson, Kristinn Reimarsson, Helga Björk Snorraddóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Petrun B. Jónsdóttir. Á myndina vantar Viðar Sigurjónsson starfsmann ÍSÍ á Akureyri.

## Skrifstofa

Skrifstofa ÍSÍ hefur mikilvægu hlutverki að gegna í starfsemi hreyfingarinnar. Grunnstarfsemi skiptist eins og áður í þrjú starfsvið, Afreksíþróttasvið, Almenningsíþróttasvið og Fræðslusvið. Eins og áður hefur framkvæmdastjórn lagt á það mikla áherslu að þjónustuþættir skrifstofunnar séu vel skilgreindir

þæði fyrir sambandsaðila og almenning. Auk skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík rekur ÍSÍ skrifstofu á Akureyri. Lögð hefur verið áhersla á að auka ekki stöðugildi á skrifstofunni heldur kaupa vinnu vegna tímabundinna sérverkefna. Í dag starfa á skrifstofu ÍSÍ 8 starfsmenn í sjö og hálfu stöðugildi. Þá starfar verkefnisstjóri, Petrun B. Jónsdóttir í tímabundnu verkefni vegna kynningar á verkefninu Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

# Útgáfa Íþróttablaðsins



ÍSÍ hefur á undanförunum árum gefið út eitt til tvö tölublöð á ári af Íþróttablaðinu sem aukablað við Morgunblaðið. Í þessum blöðum hefur verið lögð áhersla á að varpa ljósi á innra starf sambandsins og sambandsaðila. Að mörgu leyti hefur þetta gengið ágætlega en mjög margir hafa sakan að Íþróttablaðsins í því formi sem það var þegar útgáfufélagið Fróði gaf það út til

margra ára. Forysta ÍSÍ hefur átt í viðræðum við Fróða um útgáfu á blaðinu og líklegt er að blaðið komi út að nýju í tímaritaformi á vegum Fróða á þessu ári. Forystumenn Fróða hyggjast leggja metnað sinn í að gefa út glæsilegt tímarit um íþróttir og heilutengd málefni í samvinnu við ÍSÍ sem hefur boðist til að styðja og styrkja við útgáfu þess blaðs.

## Verkefnasjóður ÍSÍ



Frá úthlutun þjálfarastyrkja Verkefnasjóðs ÍSÍ.

Ásókn í styrki Verkefnasjóðs ÍSÍ hefur aukist á undanförunum árum. Ljóst er að með tilkomu Verkefnasjóðs er kominn farvegur fyrir sambandsaðila og aðra innan íþróttahreyfingarinnar til að sækja um styrki til sérstakra verkefna á sviði útbreiðslu og átak. Þá er mikil eftirspurn meðal þjálfara

í íþróttahreyfingunni að sækja um styrki til að afla sér menntunar og fræðslu erlendis í viðkomandi íþróttagreinum. ÍSÍ hefur styrkt um 15-20 þjálfara á hverju ári með styrkjum úr Verkefnasjóði en oftast sækja helmingi fleiri um. Auka þarf framlag í sjóðinn til að mæta þessari eftirspurn.



## Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ hafa styrkt sig í sessi sem upplýsinga- og ráðgefandi fundir fyrir framkvæmdastjórn og sambandsaðila. Með breyttu fyrirkomulagi á fundunum hefur mæting orðið afar góð og á fundunum hefur forysta íþróttahreyfingarinnar skeggrætt ýmis mál sem brenna á hreyfingunni hverju sinni.



## Fundur fyrir framkvæmdastjóra sambandsaðila

Með breyttum áherslum og meiri fagmennsku í rekstri og skipulagi íþróttahreyfingarinnar hefur orðið aukning í starfsmannahaldi íþróttahreyfingarinnar. Starfsmannavelta er veruleg í hreyfingunni þannig að stöðugt eru að koma nýjir starfsmenn sem uppræða verður um starfsemi og áherslur hreyfingarinnar. Því hefur ÍSÍ lagt áherslu á að hafa fasta fundi með starfsmönnum héraðssambanda, íþróttabandalaga og sérsambanda til að efla fræðslu og auka upplýsingastreymi þeirra og ÍSÍ í millum



## Vinnuhópar frá síðasta Íþróttþingi

Á síðasta Íþróttþingi voru skipaðir nokkrir vinnuhópar sem starfa áttu milli þinga og kynna áttu niðurstöður sínar á Formannafundum ÍSÍ. Allir vinnuhóparnir hafa skilað skýrslu til framkvæmdastjórnar og til formannafundar ÍSÍ, utan einn.



Hafsteinn Pálsson aðalfarastjóri ÍSÍ á Smáþjóðaleikunum á Möltu ásamt Kristni Reimarssyni, aðstoðarfararstjóra og tveimur aðstoðarstúlkum frá Möltu.

## Erlend samskipti

Erlend samskipti ÍSÍ voru með svipuðum hætti og verið hefur á undanförunum tveimur árum. ÍSÍ hefur aðallega samskipti við IOC - Alþjóða Ólympíunefndina, EOC - Evrópusamband Ólympíunefnda, ENGSO - Samtök frjálsra íþróttasamtaka í Evrópu og samstarfsnefnd íþróttasambanda Norðurlandanna. Auk þess hafa verið sóttir fundir hjá ýmsum samtökum og ráðum í Evrópu.

## Kynnisferð til Danmerkur



Íþróttamannvirki skoðuð í Kaupmannahöfn.

Dagana 13.-15. febrúar sl. skipulagði ÍSÍ ferð fyrir forystumenn í íþróttahreyfingunni til Danmerkur þar sem íþróttahreyfingunni kynnti sér rekstur Danska íþrótt- og ólympíusambandsins - DIF, rekstur og áherslur Team Danmark sem er sjálfseignarstofnun sem styður við uppbyggingu afreksíþróttar í Danmörku og skoðaði nýstárleg íþróttamannvirki á

Kaupmannahafnarsvæðinu. Tæplega 50 forystumenn á landvísu fóru í þessa ferð og þótti hún heppnast afar vel. Ferðir sem þessar opna augu forystumanna fyrir nýjungum í starfi og efla samstarf milli íþróttahéraða, sérsambanda og ÍSÍ. ÍSÍ mun halda áfram að bjóða upp á ferðir sem þessar og í skoðun er að standa fyrir kynnisferð til Bandaríkjanna eftir tvö ár.

## Dómsmál

Á Íþróttþingi árið 2000 var dómstóla-skipan íþróttahreyfingarinnar einfölduð verulega. Dómstólar í héraði voru lagðir niður og dómstólar ÍSÍ, þ.e. Dómstóll og Áfrýjunardómstóll tóku yfir fullnaðarlögsögu í þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar. Sérsamböndum innan ÍSÍ var þó heimil-

að að ákveða í lögum sínum að viðkomandi sérsamband hafi sérstaka dómstóla og hafa fimm þeirra það fyrirkomulag á sínum málum. Öll önnur dómsmál fara í gegnum kerfi ÍSÍ og fullyrða má að með núverandi kerfi sé þessi málaflokkur mun skilvirkari og einfaldari fyrir alla aðila.

## Lagamál

Laganefnd ÍSÍ hefur haft afar mörg mál til umsagnar og skoðunar á síðasta kjörtímabili. Nokkuð hefur færst í vöxt að sambandsaðilar lagfæri lög sín og einfaldi en einnig hefur ásókn nýrra félaga í íþróttahreyfinguna verið nokkur. Ásókn

nýrra félaga í mörgum stórum íþróttaherudum er mikil og vekur upp spurningar um hvort ekki sé eðlilegra að áhugamenn um iðkun íþróttar nýti þau félög sem ekki eru starfrækt, til áhugamála sinna í stað þess að stofna stöðugt ný félög.

# Íslendingar í nefndum erlendis

Sífelld fleiri Íslendingar eru kjörnir eða skipaðir til starfa í nefndir á vegum alþjóðasambanda eða álfusambanda viðkomandi íþróttageirna.

Þetta er afar mikilvægt og gott fyrir starfsemi íþróttahreyfingarinnar á Ísland. Með þátttöku í alþjóðastarfi skapast tengsl og kynni sem styrkja stöðu Íslands innan íþróttá á alþjóðavísu.

Eftirtaldir einstaklingar eru í alþjóðanefndum eða ráðum:

BLÍ – Þorvarður B. Sigfússon

- *Gjaldkeri í stjórn C-þjóða hjá Evrópublaksambandinu*

FRÍ – Jónas Egilsson

- *Stjórn Frjálsíþróttasambands Evrópu (EAA)*
- *Formaður Fræðslunefndar EAA*
- *Nefndarmaður í Þróunarnefnd EAA*
- *Formaður frjálsíþróttasambands evrópskra smáþjóða (Athletic Association of Small States of Europe).*

FRÍ – Birgir Guðjónsson

- *Nefndarmaður í lækna- og lyfjanefnd Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins*

FRÍ – Þórey Edda Elisdóttir

- *Íþróttamannanefnd EAA*

FSÍ – Birna Björnsdóttir

- *Almennafimleikanefnd, Fimleikasambands Evrópu*

GSÍ – Gunnar Bragason

- *Stjórnarmaður í Championship Committee EGA (European Golf Association)*

HSÍ – Kjartan Steinbach

- *Stjórn IHF*
- *Formaður Dómaranefndar IHF*

HSÍ – Gunnar K. Gunnarsson

- *Dómstól EHF*

HSÍ – Helga Magnúsdóttir

- *Mótanefnd EHF*

ÍF – Þórður Árni Hjaltsted

- *Tækninefnd Evrópuþeildar INAS-Fid (International Sports Federation for persons with Intellectual Disability) samtaka þroskaheftra íþróttamanna.*



ÍF – Anna K. Vilhjálmsdóttir

- *Evrópuráði Special Olympics (Special Olympics leadership council)*

ÍSÍ – Ellert B. Schram

- *Framkvæmdastjórn Smáþjóðaleika*
- *Gegnir trúnaðarstörfum fyrir UEFA*

ÍSÍ – Stefán Konráðsson

- *Fastanefnd EOC um Ólympíuhátíð Evrópuáskunnar*

ÍSÍ – Sigríður Jónsdóttir

- *Nefnd um upplýsingatækni á vegum EOC*

KKÍ – Ólafur Rafnsson

- *Stjórn FIBA-Europe*
- *Fjárhagsnefnd FIBA-Europe*
- *Dómari í áfrýjunarnefnd FIBA*

KKÍ – Pétur Hrafn Sigurðsson

- *Unglinganefnd FIBA Europe*

KSÍ – Eggert Magnússon

- *Framkvæmdastjórn UEFA*
- *Unglinganefnd FIFA*

KSÍ – Geir Þorsteinsson

- *Vallar- og öryggisnefnd UEFA*

LH – Einar Ragnrsson

- *Dómaranefnd FEIF: (alþjóðasamtaka um íslenska hestinn)*

LH – Sigurður Sæmundsson

- *Sportnefnd FEIF*

LH – Rosemarie Þorleifsdóttir

- *Æskulýðsnefnd FEIF*

LH – Herdís Reynisdóttir

- *Menntanefnd FEIF*

LH – Ágúst Sigurðsson

- *Kynbótanefnd FEIF*

SÍL – Páll Hreinsson

- *Regional Games Committee ISAF*

SSÍ – Guðmundur Harðarson

- *LEN-tækninefnd Sundsambands Evrópu*

Skvass – Hilmar Gunnarsson

- *European Small Nations Squash Tournament Committee*

# Lyfjaeftirlit

Lyfjamál eru afar mikilvægur málaflokkur innan starfsemi ÍSÍ. Lögð hefur verið áhersla á að gera alla starfsemi á þessu sviði sýnilegri og opnari og auka umræður um meinta ólöglega lyfjanotkun innan íþróttahreyfingarinnar. Gefið hefur verið út fréttabréf um heilbrigðis- og lyfjamál og reglulega hafa verið settar inn á vef ÍSÍ fréttatilkynningar um framkvæmd lyfjaeftirlits og niðurstöður úr því.

Vorið 2002 tók gildi nýtt skipulag fyrir heilbrigðis- og lyfjamál innan ÍSÍ, sem miðar að því að gera allt starf í málaflokknum markvissara. Áður heyrði starfið undir Heilbrigðisráð ÍSÍ en er nú í höndum þriggja ráða og nefnda innan sambandsins.

## Heilbrigðisráð ÍSÍ, hlutverk:

- Að vera framkvæmdastjórn og sambandsaðilum til ráðgjafar um allt er lýtur að heilbrigðismálum íþróttamanna.
- Að skipuleggja og standa fyrir fræðslu um allt er lýtur að heilbrigðismálum íþróttamanna.
- Að skipuleggja og standa fyrir heilbrigðisþjónustu við íþróttamenn og hópa sem taka þátt í alþjóðlegum mótum á vegum ÍSÍ eða njóta styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ.

## Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ, hlutverk:

- Að skipuleggja og framkvæma eftirlit með lyfjanotkun íþróttamanna.
- Ásamt Lyfjaráði ÍSÍ, að skipuleggja og standa að fræðslu um lyfjamisnotkun íþróttamanna og lyfjaeftirlit með íþróttamönnum.

## Lyfjaráð ÍSÍ, hlutverk:

- Að vera framkvæmdastjórn og sambandsaðilum til ráðgjafar um lög og reglur er varða lyfjamisnotkun íþróttamanna og lyfjaeftirlit með íþróttamönnum.
- Ásamt Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ, að skipuleggja og standa að fræðslu um lyfjamisnotkun íþróttamanna og lyfjaeftirlit með íþróttamönnum.
- Að fara með ákærvald í málum er varða brot á reglum sambandsins tengt lyfjamálum.
- að meta umsóknir um undanþágur til notkunar lyfja á bannlista

Árið 2002 voru tekin 119 lyfjapróf, þar af 107 á vegum Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ. Alls reyndust 4 sýni vera jákvæð, þ.e.

innihalda efni sem eru á bannlistum í íþróttum. Þrjú sýni innihéldu lyfið efedrín og innihélt eitt þeirra vefaukandi steralyf að auk. Eitt sýni innihélt eingöngu vefaukandi stera. Þetta er mesti fjöldi jákvæðra sýna sem greinst hefur á einu ári hér á landi, en þrjú sýnanna voru tekin í íþróttagein sem er utan ÍSÍ.

Árið 2003 voru tekin 110 lyfjapróf, þar af 98 á vegum Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ.

Eitt sýni reyndist jákvætt vegna notkunar efedríns. Um var að ræða keppanda í íþróttagein sem er utan ÍSÍ.

Í öllum tilfellum voru íþróttamennirnir dæmdir til viðeigandi refsingar.

Íþróttagein	Í keppni	Után keppni	Samtals
Badminton		2	2
Blak		3	3
Borðtennis		2	2
Fimleikar		3	3
Frjálsar íþróttir	2+2*	13+3*	20
Glima	3		3
Handkn.leikur	32	10	42
Hestaíþróttir	4		4
Hnefaleikar		2	2
Júdó		8	8
Karate	2		2
Keila	2		2
Knattspyrna	44	9	53
Körfuknattleikur	26	10	36
Siglingar		2	2
Skotfimi		1	1
Skvass		2	2
Sund	9	10+2*	21
TaeKwonDo		1	1
Tennis		3	3
Annað	17*		17
Samtals	143	86	229
	62%	38%	100%

\* Próf sem eru framkvæmd fyrir aðra en Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ s.s. vegna Íslandsmeta eða að beiðni Alþjóðasársambanda. Þessi próf eru ekki kostuð af Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ.

Ár	Fjöldi prófa	Jákvæð próf
1996	50	2
1997	65	2
1998	74 (60 á vegum Heilbrigðisráðs)	0
1999	75 (66 á vegum Heilbrigðisráðs)	1
2000	120 (111 á vegum Heilbrigðisráðs)	0
2001	107 (99 á vegum Heilbrigðisráðs)	2
2002	119 (107 á vegum Lyfjaeftirlitsnefndar)	4
2003	110 (98 á vegum Lyfjaeftirlitsnefndar)	1



Markmiðið er að fjölga lyfjaprófum í 150 árið 2004. Kostnaður við hvert lyfjapróf er um 35.000 kr. Alls starfa nú um 20 þjálfaðir starfsmenn við lyfjaeftirlit fyrir Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ.

Miklar breytingar hafa orðið í lyfjamálum á alþjóðlegum vettvangi frá síðasta Íþróttþingi. Á heimsráðstefnu um lyfjaeftirlit í íþróttum sem Alþjóða Lyfjaeftirlitsstofnunin (WADA) boðaði til í Kaupmannahöfn í mars 2003 voru samþykkt tvö mikilvæg skjöl sem ætlað er að leggja grunn að auknu og bættu lyfjaeftirliti í íþróttum í framtíðinni. Annars vegar voru það grundvallarreglur WADA um lyfjaeftirlit (World Anti-Doping Code), sem ætlað er að samræma skipulagningu og framkvæmd lyfjaeftirlits á vegum íþróttasamtaka um allan heim, og hins vegar Kaupmannarhafnaryfirlýsingin (Copenhagen Declaration on Anti-Doping in Sport), þar sem ríkisstjórnir um allan heim lýsa yfir vilja sínum til að koma á alþjóðlegum sáttmála um lyfjaeftirlit og styðja auk þess við lyfjaeftirlit á annan hátt, m.a. með því að setja skýrari reglur og eftir atvikum lög, sem takmarka aðgengi að bönnuðum efnum. Menntamálaráðherra undirritaði Kaupmannarhafnaryfirlýsinguna fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands í október síðastliðnum og ríkisstjórnin hefur þar með tekið á sig þær skuldbindingar sem yfirlýsingin felur í sér.

Nú er unnið að endurskoðun á lögum og vinnureglum ÍSÍ varðandi lyfjaeftirlit með aðlögun að grundvallarreglum WADA að markmiði og er málið á dagskrá Íþróttþings 2004. Lagt verður til að ÍSÍ samþykki á þinginu að gangast undir grundvallarreglur WADA – World Antidoping Code. Þá er unnið að undirbúningi gæðavottunar á lyfjaeftirlitsferlinu samkvæmt ISO stöðlum og vonast ÍSÍ til að slík vottun verði að veruleika á þessu ári.



## Lottó ÍSÍ og UMFÍ

Í aðdraganda síðasta Íþróttáþings undirrituðu forseti ÍSÍ og formaður UMFÍ viljayfirlýsingu, þess efnis, að gerð skildi ítarleg skoðun á úthlutun lottóarðs með það að markmiði að samstaða yrði um skiptingu og úthlutun arðsins, samkvæmt einni heildstæðri aðferð.

ÍSÍ og UMFÍ skipuðu starfshóp sem myndaður var af fulltrúum ÍSÍ og fulltrúum Skipulagsnefndar UMFÍ sem skilaði tillögum til beggja samtaka. Tillaga og niðurstaða starfshópsins var sú að lottói skyldi skipt þannig að 12% lottós yrði jafn hlutur og 88% samkvæmt íbúafjölda 18 ára og yngri hjá viðkomandi íþróttahéruðum. Stjórn UMFÍ féllst ekki á þessa tillögu og á Sambandsþingi UMFÍ í október sl. samþykkti þing samtakanna tillöguna þar sem gert var ráð fyrir 12-25% jafnri skiptingu en hún var einnig skilyrt öðrum þáttum, þ.e. varðandi inngöngu íþróttabandalaga í samtökin.

ÍSÍ telur óeðlilegt að tveim óskyldum málum sé blandað saman. Afar mikilvægt er að íþrótt- og ungmenningarfélagshreyfingin komi sér saman um skiptingu fjármuna lottós, í ljósi þeirrar mismununar sem núverandi fyrirkomulag felur í sér.



Frá aðalfundi EOC í Reykjavík.

## Aðalfundur EOC 2002 – Þing IOC 2007?

Aðalfundur Evrópusambands ólympíunefnda var haldinn hér á landi í desember árið 2002. Tæplega 300 erlendir gestir sóttu fundinn sem var afar vel heppnaður og styrkti stöðu ÍSÍ í hinu ólympíska samfélagi.

Nú er unnið að því að kanna hvort að mögulegt sé að þing IOC árið 2007 verði haldið hérlendis en þing IOC yrði þá stærsta íþróttasamkoma sem haldin hefur verið hér á landi með tæplega 1000 þátttakendum.

## Akstursíþróttir

Á undanförunum misserum hafa átt sér stað viðræður við forystumenn akstursíþróttafélaga. Allnokkur akstursíþróttafélög eru aðilar að íþróttabandalögum eða héraðssamböndum og þau hafa óskað eftir því að ÍSÍ yfirtaki yfirstjórn akstursíþróttavegna ágreinings og átaka innan vébanda þeirra akstursíþróttasem nú starfa. ÍSÍ hefur átt viðræður við aðila máls en einnig dómsmálaráðherra og samgöngumálaráðherra vegna reglugerða og ýmissa öryggisþátta akstursíþróttasem. Málun hafa þokast verulega áfram að undanförun og stefnt er að því að ÍSÍ stofni tvær íþróttanefndir, eina á sviði vélhjólaiþróttasem og aðra á sviði bílaiþróttasem þessar íþróttanefndir verði undanfari stofnunar sersambanda í viðkomandi greinum í framtíðinni.





## Hóf Íþróttamanns ársins

ÍSÍ og Samtök íþróttafréttamanna hafa á undanförunum árum staðið að sameiginlegu hófi þar sem ÍSÍ hefur heiðrað íþróttamenn sérgreina viðkomandi sér-sambanda og lýst hefur verið kjöri

Íþróttamanns ársins af hálfu Samtaka íþróttafréttamanna. Mikið hefur verið lagt í þetta hóf til að gera það sem allra glæsilegast. Ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag þar sem allt besta íþrótt-

fólk landsins ásamt íþróttaforystu og íþróttafréttamönnum hefur komið saman til að heiðra bestu íþróttamenn þjóðarinnar fyrir afrek þeirra.



## Hnefaleikar

ÍSÍ stofnaði Hnefaleikanefnd árið 2002 eftir samþykkt Alþingis um að lögleiða ólympíska hnefaleika. Reglur voru þýddar, dómaraámskeið haldin og framtíðarstarf hnefaleikaíþróttarinnar mótað. Á vormánuðum 2003 leysti ÍSÍ upp þáverandi Hnefaleikanefnd vegna ágreinings og trúnaðarbrests tveggja aðila sem í nefndinni sátu. Ný nefnd var skipuð í október 2003 og skipa hana Engilbert Olgeirsson frá ÍSÍ sem er formaður, Ásbjörn Morthens, Konstantín Mikaelsson og Guðjón Vilhelm.


Í janúar sl. varð alvarlegt slys í hnefaleikakeppni í Vestmannaeyjum og í kjölfarið voru reglur um ólympíska hnefaleika á Íslandi hertar verulega.



# Slysatryggingamál


Á vormánuðum árið 2002 felldi Tryggingastofnun ríkisins úr gildi undanþáguheimild sem veitti íþróttafólki rétt á greiðslu bóta vegna íþróttaslysa sem leiddu af sér óvinnufærni í færri en 10 daga. ÍSÍ mótmælti strax þessari ákvörðun Tryggingastofnunar og benti á að afar mikilvægt væri að íþróttafólk nyti áfram stuðnings almannatrygginganna. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra féllst á að greiða ÍSÍ árlega fjárhæð að upphæð kr. 20.000.000 til að mæta þessum kostnaði íþróttafólks gegn því

að ÍSÍ sæi um umsýslu málsins og var sá samningur formlega undirritaður á síðasta Íþróttþingi. ÍSÍ samdi reglugerð og útbjó eyðublöð sem hægt er að finna m.a. á heimasíðu sambandsins varðandi þá þætti sem endurgreiðslur taka til. Endurgreitt er allt að 80% af kostnaðarhlut sjúklings vegna sjúkraþjálfunar og læknskostnaðar. Langflest íþróttaslys tengjast boltageininum. Íþróttahreyfingin nýtir sér endurgreiðslur ÍSÍ í síauknum mæli.




**Fjöldi meiðsla pr. íþróttagein:**

Súluritið sýnir fjölda meiðsla pr. íþróttagein á tímabilinu 1.4.2002 – 23.3.2004. Langflestu meiðslin verða í boltageininum, knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik.




**Íþróttameiðsl, skipting eftir héraðssamböndum:**

Súluritið sýnir fjölda íþróttameiðsla innan íþróttahéraða á tímabilinu 1.4.2002 – 23.3.2004. Alls eru skráð meiðsl innan 19 héraðssambanda og athygli vekur að á þessu tímabili virðist enginn meiðast á svæði ÍA, HHH, HSB, HSS, USVH, UNP,UDN og ÍBS.



**Staðsetning meiðsla:**

Súluritið sýnir fjölda meiðsla eftir staðsetningu þeirra á tímabilinu 1.4.2002 – 23.3.2004. Langflestu meiðslin verða á hné, ökkla og lærvöðva.



**Fjöldi meiðsla pr. félag.**

Súluritið sýnir fjölda meiðsla pr. félag á tímabilinu 1.4.2002 – 23.3.2004. Alls hafa komið tilkynningar frá 59 félögum.






# Lottó og getraunir

Starfsemi Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna hefur gengið vel á undanföllum árum. Fyrirtækin hafa endurskoðað starfsemi sína og skipulag til að standa af sér miklar breytingar og samkeppni á happdrættismarkaði. Í byrjun ársins 2000 var stigið stórt skref en þá tók í gildi þjónustusamningur á milli Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna en með honum rekur Íslensk getspá Íslenskar getraunir og samnýtir þar með starfsfólk, tæki, húsnæði og kunnáttu. Tvær stjórnir starfa þó áfram í fyrirtækjunum en bæði fyrirtækin starfa samkvæmt lögum frá Alþingi. Rekstrarleyfi núverandi eignaraðila Íslenskrar getspár hefur verið framlengt með lögum frá Alþingi til ársins 2019. Mikill kostnaður og þróunarvinna fylgir rekstri fyrirtækja sem Getspá og Getraunum. Mikil er lagt upp úr tækjum og tæknibúnaði til að auðvelda sölu á afurðum fyrirtækjanna. Íslenskar getraunir munu taka í notkun nýtt tölvakerfi nú í sumar og Íslensk getspá skoðar nú möguleika á að endurnýja sölukerfi fyrirtækisins. Bæði fyrirtækin eru afar mikilvæg fyrir íslenska íþróttahreyfingu og rétt er að áretta það við íþróttaförystuna að styðja vel við bakið á fyrirtækjunum á erfiðum happdrættismarkaði.

Sigurbjörn Gunnarsson frá Ungmennafélagi Íslands er stjórnarformaður Íslenskrar getspár næsta árið og með honum í stjórn eru Ellert B. Schram og Reynir Ragnarsson frá ÍSÍ og Þórir Þorvarðarson og Vífill Oddsson frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ er stjórnarformaður í Íslenskum getraunum og með honum í stjórn sitja Örn Andrésson sem fulltrúi ÍBR, Geir Þorsteinsson sem fulltrúi KSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir sem fulltrúi Íþróttanefndar ríkisins og Sæmundur Runólfsson sem fulltrúi Ungmennafélags Íslands.

Framkvæmdastjóri fyrirtækjanna er Bergsveinn Sampsted.



## Íslendingar á Ólympíuleikum

ÍSÍ tók að sér að vera útgefandi bókar Gísla Halldórssonar Heiðursforseta ÍSÍ og fyrirverandi forseta ÍSÍ og formanns Ólympíunefndar Íslands, sem hann skrifaði um þátttöku Íslendinga á Ólympíuleikum og Smáþjóðaleikum. Bókin er afar umfangsmikil, um 500 blaðsíður að lengd og hana prýðir fjöldi ljósmynda og upplýsingataflna.

Alþjóða Ólympíunefndin og ÍSÍ styrktu útgáfu bókarinnar með fjárframlagi og sambandsaðilar gerðu hið sama með því að kaupa, hver um sig, tvö eintök af bókinni.



Ellert B. Schram forseti ÍSÍ og Gísli Halldórsson í útgáfuteiti sem ÍSÍ hélt í tilefni útkomu bókar Gísla.

## Laugarvatn

ÍSÍ hætti beinni þátttöku í rekstri Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugarvatni fyrir nokkrum árum þegar ljóst var að ekki fengist fjármagn til að endurnýja búnað og standa fyrir eðlilegu viðhaldi á mannvirkjum á Laugarvatni. Íþróttaskor KHÍ hefur rekið Íþróttamiðstöðina en ÍSÍ hefur átt fulltrúa í vinnuhópum sem hafa skoðað framtíðarrekstur og uppbyggingu Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugarvatni. Nokkrar líkur eru á að ríkisvaldið setji fjármagn í viðhald og endurbætur á mannvirkjum Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugarvatni og marki jafnframt stefnu varðandi framtíð miðstöðvarinnar. ÍSÍ hefur lýst því yfir við menntamálaráðherra að sambandið hafi áhuga á að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem æðsti aðili íþróttanna á Íslandi.

## Fjárframlög til íþróttahreyfingarinnar frá Alþingi

Styrkir og framlög frá Alþingi til íþróttahreyfingarinnar hafa hækkað á undanföllum árum þó að betur megi ef duga skal. Meiri skilningur virðist vera á starfsemi íþróttahreyfingarinnar og er það vel. Á árinu 1994 fékk ÍSÍ og þáverandi Ólympíu nefnd úthlutað 27 milljónum frá Alþingi en sú upphæð, reiknuð miðað við vísitölu, væri í dag um 36 milljónir króna. Á árinu 2004 fær ÍSÍ hinsvegar á fjárlögum um 118 milljónir króna. Þetta er veruleg hækking. Rétt er að geta þess að stór hluti fjárens rennur til starfsemi sersambanda í formi ýmissa styrkja. ÍSÍ hefur lagt á það áherslu í umsókn sinni vegna fjárlaga 2005 að Alþingi veiti ÍSÍ sérstaka viðbótar fjárveitingu að upphæð 80 milljónir króna vegna reksturs sersambandanna en afar mikilvægt er að fá fjármagn til starfsemi þeirra. Sersamböndin fá að stofni til aðeins styrki frá ÍSÍ, nokkur fá reyndar styrki frá Alþingi og engir styrkir renna til sersambandanna frá sveitarfélögum.



Frá heimsókn Menntamálaráðherra og fylgdarliðs til ÍSÍ.

## Nýr menntamálaráðherra

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varð menntamálaráðherra og þar með ráðherra íþróttamála á ríkisráðsfundi 1. janúar sl. Þorgerður Katrín þekkir vel til starfa íþróttahreyfingarinnar og ÍSÍ og hefur m.a. starfað í nefndum á vegum ÍSÍ. ÍSÍ bauð menntamálaráðherra í formlega

heimsókn 5. mars sl. þar sem starfsemi ÍSÍ og áherslur voru kynntar ráðherranum. Íþróttahreyfingin fagnar nýjum ráðherra íþróttamála og væntir góðs af störfum hennar og samstarfi. Fráfarandi menntamálaráðherra Tómasi Inga Olrich er þakkað fyrir samstarfið á liðnum árum.

## Evrópuár menntunar með iðkun Íþróttanna

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið að árið 2004 verði „Evrópuár menntunar með iðkun íþróttanna“. Markmiðið með verkefninu er m.a. að minna Evrópubúa á gildi íþróttanna fyrir þroska einstaklingsins og félagslega hæfni hans, efla tengsl menntunar og íþróttanna í Evrópu, viðurkenna mikilvægt framlag sjálfbóðaliða í íþróttastarfinu og að beina sjónum að skólagöngu ungs afreksfólks í íþróttum.

Menntamálaráðherra hefur skipað



Landsnefnd til að annast framkvæmd verkefnisins og jafnframt gerði ráðuneytið samstarfssamning við ÍSÍ um að annast umsýslu verkefnisins hér á landi. Fulltrúi ÍSÍ í Landsnefndinni er Stefán Konráðsson sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Starfsmaður nefndarinnar er Andri Stefánsson sviðsstjóri Fræðsluviðs ÍSÍ. Auglýst hefur verið eftir verkefnum og mun Landsnefnd kynna átakið og verkefnið á vormánuðum.

# Skattamál íþróttahreyfingarinnar



Frá fundi vinnuhóps um skattamál.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ og Fjármálaráð ÍSÍ hafa rætt um ýmis skattaleg atriði í starfsemi hreyfingarinnar á fundum sínum. Framkvæmdastjórn skipaði vinnuhóp sem fékk það verkefni að kortleggja núverandi stöðu í skattamálum íþróttahreyfingarinnar, skýra núverandi reglur sem eru í gildi og útbúa efni í bækling um atriði sem lúta að verktaka/launþegastarfsemi og virðisaukaskattsstarfsemi. Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að gefa út leiðbeiningarbækling sem mun byggja á störfum vinnuhópsins.

## ÍSÍ tekur þátt í viðamikilli rannsókn á lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga

Hreyfingarleysi og offita á meðal barna og unglinga á Íslandi er vaxandi heilbrigðisvandamál. Af því til efni stendur nú yfir stór rannsókn fræðimanna frá KHÍ og HÍ á lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga. Þátttakendur eru 600 börn úr hvorum aldurshóp, af báðum kynjum, í 6 sveitarfélögum. Markmið rannsóknarinnar er að kanna holdafar, líkamsástand, hreyfingu/hreyfimyntur, félagslega þætti, mataræði/matarvenjur og blóðbreytur hjá þessum aldurshópum.

Rannsókn sem þessi er mikilvæg til að meta stöðuna eins og hún er í dag hjá áðurnefndum aldurshópum, svo og til að bera okkur saman við önnur lönd, fylgjast með þróuninni og skipuleggja forvarnir s.s. íþróttastarf í framtíðinni.

ÍSÍ telur málefnið brýnt og sér skylt og er því stór samstarfsaðili í rannsókninni. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar á Íþróttþingi ÍSÍ í apríl.

## Fyrirmyndarfélag ÍSÍ



Frá afhendingu viðurkenninga í Reykjanesbæ.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar en á Íþróttþingi ÍSÍ árið 2000 var verkefninu hrundið af stað. Gæðaverkefnið byggir á kerfi og skipulagi sem hvetur íþróttafélög og deildir til að vinna samkvæmt skilgreindum, samræmdum markmiðum og stefnu. Útbúin hefur verið handbók sem fjallar um þær kröfur sem þarf að uppfylla til að hljóta viðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Viðurkenningin er veitt til deilda eða sérgrænafélaga til fjögurra ára í senn.

Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri, Petrún Bj. Jónsdóttir, til að aðstoða sambandsaðila við að vinna að þessu verkefni. Sifellt fleiri félög hafa tekið upp undirbúningsvinnu til að gerast Fyrirmyndarfélög/deildir ÍSÍ. Framkvæmdastjórn ÍSÍ leggur mikla áherslu á að sem flest félög á landsvísi beini starfi sínu í þennan farveg á komandi árum. Upplýsingar um gæðaverkefnið má finna á heimasíðu ÍSÍ, [www.isisport.is](http://www.isisport.is) og í ýmsum gögnum sem ÍSÍ hefur gefið út vegna þess.



## Börn og íþróttir

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur átt í viðræðum við Þórhildi Líndal, umboðsmann barna, um málefni sem varða slysatryggingar, einelti og öryggi barna sem stunda íþróttir. Það hafa verið gagnlegar umræður, enda um að ræða vettvang, sem varðar starfsemi íþróttafélaga og langstærsta hluta þeirra iðkenda sem íþróttahreyfingin starfar fyrir. Í framhaldi af þeim skoðanaskiptum og upplýsingum sem fram hafa farið og með hliðsjón af nýlegum atburðum og meintu áreiti gagnvart börnum, mun framkvæmdastjórn ÍSÍ leitast við að efla öryggi og bæta umhverfi barna og unglinga og gera strangari kröfur til þjálfara, leiðbeinanda og stjórnenda, þegar samskipti við æskufólk eru annarsvegar.



## Fagteymi ÍSÍ

Fyrir nokkrum árum fékk ÍSÍ til liðs við sig nokkra fagaðila á heilbrigðissviði til að halda utan um og samræma þjónustu fyrir skilgreindan fjölda afreksíþróttamanna sem eru á styrk hjá ÍSÍ hverju sinni. Hópurinn nefnist Fagteymi ÍSÍ. Markmiðið með teyminu er að veita afreksíþróttamönnum góða þjónustu varðandi forvarnir, ráðgjöf og lækningar. Í Fagteyminu starfa Ágúst Kárason bæklunarlæknir, Gauti Grétarsson sjúkraþjálfari, Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur, Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur og Guðbrandur Einarsson nuddari. Auk þess hafa nokkrir aðrir aðilar komið að þessari þjónustu. Mikil ánægja hefur verið með þjónustuna því íþróttafólkið hefur fengið skjóta afgreiðslu mála sinna.

# Afreksíþróttamál

## Afrekssjóður ÍSÍ

Fjárframlag til Afrekssjóðs ÍSÍ hefur aukist verulega. Á fjárlögum er gert ráð fyrir 25 milljón króna framlagi til sjóðsins en einnig fær sjóðurinn 8% af þeim lottóarði sem rennur til ÍSÍ.


Á árinu 2003 var úthlutað tæplega 47 milljónum til sérsambanda ÍSÍ, þ.e. 29 milljónum til einstaklingsíþróttar og 18 milljónum til hópíþróttar.

Á árinu 2004 hefur verið úthlutað 53,5 milljónum til sérsambanda ÍSÍ, þar af 26,5 milljónum til einstaklingsíþróttar og 27 milljónum til hópíþróttar.




Frá undirskrift samnings við Menntamálaráðherra um stuðning við Afrekssjóð ÍSÍ.

Úthlutanir úr Afrekssjóði ÍSÍ frá árinu 1999 - 2004  
Úthlutun 2004 er aðeins fyrir fyrstu 9 mánuði ársins.



Úthlutanir úr Afrekssjóði ÍSÍ til sérsambanda árin 2003 og 2004





## Smáþjóðaleikar á Möltu

Smáþjóðaleikarnir 2003 voru haldnir á Möltu 1.-8. júní sl. Íslensku keppendurnir á leikunum að þessu sinni voru 129 en heildarfjöldi þátttakenda frá Íslandi var 175. Keppt var í blaki karla og kvenna, borðtennis, frjálsum íþróttum, júdó, körfuknattleik karla og kvenna, siglingum, skotfimi, skvassi, sundi og tennis. Íslendingar hafa ávallt verið sigursælir á Smáþjóðaleikum og leikarnir hafa verið góður vettvangur fyrir margar íþróttgreinar til að etja kappi við þjóðir af svipuðum styrkleika.



XI Jocs dels Petits Estats d'Europa

## Smáþjóðaleikar í Andorra

Smáþjóðaleikarnir árið 2005 verða haldnir í Andorra dagana 22. – 29. maí 2005. Keppnisgreinarnar verða 11 talsins og fjölgar um eina frá því á leikunum á Möltu. Keppnisgreinar í Andorra verða: frjálssar íþróttir, körfuknattleikur – karlar og konur, júdó, skotfimi, sund, borðtennis, tennis, blak karlar og konur, strandblak karlar og konur, hjólreiðar og taekwondo.

## Ólympíuakademían

Íslenska Ólympíuakademían heyrir undir Fræðslusvið ÍSÍ. Á hverju ári hafa tvö ungmenni verið send á námskeið á vegum Alþjóða Ólympíuakademiunnar (IOA) í Ólympíu í Grikklandi. Alls hafa um 30 Íslendingar sótt námskeið í Ólympíu á vegum ÍSÍ og IOA.







Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar var haldin í Bled í Slóveníu 23.-31. janúar 2003. ÍSÍ sendi til hátíðarinnar 8 keppendur sem tóku þátt í alpagreinum og 4 keppendur í norrænum greinum.

## Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Vetrarhátíð 2005

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar verður haldin í Monthey í Sviss 22.-29. janúar 2005. Áætlað er að 10 keppendur fari á hátíðina, 6 í alpagreinum og 4 í norrænum greinum.



## Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Sumarhátíð 2005



Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar verður haldin á Lignano á Ítalíu 3.-8. júlí 2005. Áætlað er að um 40 keppendur fari á vegum ÍSÍ á hátíðina.

## Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Vetrarhátíð 2003



## Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Sumarhátíð 2003



Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar var haldin í París í Frakklandi 26.júlí -2. ágúst 2003. ÍSÍ sendi 61 þátttakanda til Parísar til keppni í eftirtöldum greinum: borðtennis, fimleikum, frjálsum íþróttum, júdó, sundi og knattspyrnu.





# Ólympíuleikarnir í Aþenu




Vala Flosadóttir á verðlaunapalli á ÓL í Sydney 2000.



Frá undirbúningsfundi fyrir Ólympíuleikana í Aþenu.

Undirbúningur fyrir 28. Sumarólympíuleikana sem haldnir verða í Aþenu í Grikklandi 13. – 29. ágúst er kominn vel á veg. Búist er við að Ólympíuhópur Íslands telji 25-30 íþróttamenn úr 5-7 íþróttagreinum. Í byrjun sumars verður væntanlega ljóst, að mestu leyti, hverjir verða þátttakendur Íslands á leikunum. Helstu áhyggjuefni varðandi þátttöku Íslands á Ólympíuleikunum í Aþenu snúa fyrst og fremst að því hvort mótshaldarar verði klárir með mannvirki, samgönguþætti og önnur þau atriði sem mikilvæg eru í framkvæmd Ólympíuleika. Þá er ljóst að hiti í Aþenu er venjulega á bilinu

36-38°C á þessum árstíma sem getur sett strik í reikninginn hjá íslensku þátttakendum.



## Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna



Framtíðarafreksmenn Íslands.

ÍSÍ setti á stofn styrktarsjóð fyrir ungt og framúrskarandi efnilegt íþróttafólks í byrjun árs 2002. Sjóðurinn hefur það að markmiði að styrkja á landsvísu efnilegt íþróttafólk, hvort heldur úr einstaklings- eða hópíþróttum, á aldrinum 15-18 ára til að ná því markmiði að verða framtíðarafreksmenn Íslands. Mikil ásókn hefur verið í styrki sjóðsins og ljóst er að fjármagn það sem til sjóðsins rennur nýtist vel til mikilvægs uppbygginga- tímabils íþróttamanna.

# Ólympíufjölskyldan

Samningur ÍSÍ um stuðning 5 stórfyrirtækja á Íslandi við afreksíþróttastarf markaði ákveðin tímamót um samstarf varðandi fjármögnun afreksíþróttastarfs á Íslandi. Með samningnum var stigið skref í átt til þess að samræma stuðning stórfyrirtækja á Íslandi við íslenskar afreksíþróttir þannig að auðvelda mætti undirbúning og framkvæmd stórra átaka

á því sviði. Samningur ÍSÍ við Ólympíufjölskylduna rennur út í lok þessa árs og er vilji fyrir því að endurnýja hann til fjögurra ára í senn. ÍSÍ þakkar fyrirtækjunum fimm ómetanlegan stuðning við íslenskt afreksíþróttafólk og vonar að samstarfið eigi eftir að eflast og dafna á komandi árum.



ÓLYMPIUFJÖLSKYLDAN

AUSTURBAKKI HF

SJÓVALLALMENNAR

VISA

ÍSLANDSBANKI

ICELANDAIR

Öflugur stuðningur við afreksíþróttir

ATHENS 2004

## Fræðslumál

Yfirlit yfir námskeið á tímabilinu

Þjálfaranámskeið, leiðtoganámskeið, stjórnendanámskeið og fjárreiðunámskeið eru meðal þeirra námskeiða sem haldin hafa verið frá síðasta íþróttþingi. Reynt hefur verið að halda þjálfaranámskeið á sem flestum stöðum á landinu samkvæmt samræmdu kerfi íþróttahreyfingarinnar og sífellt er verið að fjölga námskeiðsstöðum og fjölga menntuðum þjálfurum. Því til viðbótar hafa fjölmargir þjálfarar tekið áfanga í skólum sem veita sambærileg réttindi og á hverju ári eru þjálfarar metnir inn í kerfið sem hafa eldri eða sambærilega menntun. Leiðtoganámskeiðin eða stjórnendanámskeiðin eru stutt námskeið sem haldin eru eftir þörfum hjá sambandsaðilum.

Hafa þau misjafnar áherslur, allt eftir þörfum víðeigandi aðila og er reynt að höfða sem best til þess hóps sem sækir námskeiðin.

Fjárreiðunámskeiðin eru einnig stutt námskeið sem hafa innihaldið kennslu á þeim þáttum er tengjast fjárreiðum íþróttahreyfingarinnar og er farið í gegnum sérstöðu íþróttahreyfingarinnar hvað varðar bókhald og þær reglur sem þar gilda.

Hvað varðar endurmenntunarnámskeið þá var haldið námskeið um næringu íþróttafólks í samvinnu við KHÍ og var það helgarnámskeið. Námskeiðið var vel sótt af þjálfurum og íþróttakennurum.

## Ólympíu-samhjálpin

Ólympíusamhjálp Alþjóða Ólympíunefndarinnar –IOC hefur vaxið hratt á undanförunum árum og styrkt vel við íþrótt- og afreksstarf á Íslandi. Á þeirri Ólympíuöðu sem er nú að ljúka hefur samhjálpin styrkt sérsambönd ÍSÍ og verkefni ÍSÍ um tugir milljóna króna. IOC hefur nú nánast lokið samningagerð vegna sjónvarpsútsendinga á Ólympíuleikum til ársins 2012 og hefur lýst yfir ánægju sinni með þær upphæðir sem um er samið. Gera má því ráð fyrir verulegri aukningu á fjárstuðningi til verkefna sérsambanda á ólympíuöðunni 2005-2008.

# Ráðstefnur og málþing

Fjölmargin fræðsluviðburðir hafa verið á tímabilinu. Í maí 2002 var haldinn fræðslufundur þar sem Dr. Med. Petra Platen flutti erindi þar sem hún sagði frá rannsóknum og niðurstöðum varðandi *átröskun, tíðatruflanir og beinþynningu* á meðal íþróttakvenna. Í október 2002 var haldin kynning á *Jóga og íþróttum* í samvinnu við Guðjón Bergmann. Á hverju hausti heldur ÍSÍ *fjármálaráðstefnu* og hefur verið góð þátttaka undanfarið ár. Hefur þar aðallega verið fjallað um fjárhagslega stöðu hreyfingarinnar auk þess sem að reyndir fyrirlesarar hafa haldið erindi um þætti sem höfða vel til þeirra aðila er stjórna íþróttafélögum, deildum og samböndum hreyfingarinnar.

Í tengslum við útgáfu á bæklingi um *Íþróttir og astma* var haldið málþing í nóvember 2002. Þar fluttu lækna-á hugaverð erindi um þennan kvilla og var útgáfan og fundurinn í samvinnu við *GlaxoSmithKline* lyfjafyrirtækið. Í janúar 2003 fór fram málþing í samvinnu við *Biskupsstofu* er bar yfirskriftina *Íþróttir og gildismat*. Þar flutti m.a. Daninn Olaf Ballisager á hugaverð erindi um *áherslur og gildismat í íþróttum* auk þess sem að Íþróttamaður ársins Ólafur Stefánsson sagði frá sinni reynslu. Í maí s.l. héldu KSÍ og ÍSÍ ráðstefnu um knattspyrnu barna og bar hún heitið *Á eftir bolta kemur barn*. Ráðstefnan var vel sótt af þjálfurum og öðrum áhugasömum og fjölmörg góð erindi voru flutt. Í ágúst s.l. heimsótti Dr. Hermundur Sigmundsson ÍSÍ og hélt fræðslufund um *Hreyfifroska barna og líkamlegt atferli þeirra* og síðar

um haustið hélt ÍSÍ í samvinnu við Lagastofnunar Háskóla Íslands málþing um *Íþróttalögfræði*. Þar fluttu m.a. gestir frá Svíþjóð og Danmörku, þeir Krister Malmsten yfirlögfræðingur Sænska knattspyrnusambandsins og Jens Evald prófessor við lagadeild Háskólans í Árósum erindi og vörpuðu ljósi á það hvað íþróttalögfræði er. Þá var síðstliðinn vetur haldið *Alþjóðlegt íþróttastjórnendanámskeið Ólympíusamhjalparinnar* sem sótt var af 25 starfsmönnum íþróttahreyfingarinnar.

Í nóvember s.l. hélt Grikklandsvinafélagið Hellas í samvinnu við ÍSÍ fræðslufund um *Ólympíuleikana fyrir og nú* og voru þar fjölmörg áhugaverð erindi er tengjast sögu leikanna sem og undirbúningi ÍSÍ fyrir komandi leika. Í desember s.l. buðu ÍSÍ, ÍBR, GSÍ og BSÍ upp á fyrirlestur fyrir afreksþjálfara. Kenneth

Larsen fyrirverandi landsliðsþjálfari Dana í badminton og kennari við Þjálfaraskólann í Álaborg hélt erindi er tengist kennslufræði og sálfræði þjálfara er vinna með íþróttafólk í fremstu röð. Í febrúar s.l. var síðan sameiginleg ráðstefna KHÍ og ÍSÍ um konur og íþróttir er bar yfirskriftina *Stelpurnar okkar*. Viðfangsefni ráðstefnunnar voru m.a. þróun á þátttöku íslenskra kvenna í íþróttum og þeir þættir sem hafa áhrif á íþróttþátttöku s.s. stuðningur frá fjölskyldu, skólaíþróttir, umfjöllun fjölmiðla, starfsemi íþróttafélaga og sjálfmynd einstaklinga. Tveir erlendir sérfræðingar komu og héldu erindi þar Dr. Fiona Dowling Næss sem hefur m.a. rannsakað áhrif kynjaskiptingar í íþróttakennslu og Dr. Mari Kristin Sisjord sem hefur rannsakað unglíngamenningu og þá ekki síst áhrif jaðaríþróttar.



## Námskeið sérsambanda


Töluverð skortur hefur verið á þjálfaranámskeiðum sérsambanda. Sérsamböndin hafa því miður, mörg hver, ekki náð að fylgja uppbyggingu þjálfaramenntunarinnar eftir og vantar bæði stefnumörkun og bolmagn til að halda námskeið. Sum þeirra hafa þó staðið sig mjög vel og haldið námskeið á undnaförnum árum en alltof mörg hafa ekki sinnt þjálfaramenntuninni sem skyldi.

## Tengsl þjálfarakerfisins við skólakerfið

Vorið 2001 samþykkti menntamálaráðuneytið tegningu þjálfaramenntunar ÍSÍ við kennslu í framhaldsskólum. Um gagnvirkt mat er að ræða. Tenging við framhaldsskóla; almennur hluti 1a, 1b og 1c jafngildir ÍPFG 102. Sérgrainahluti 1a,

1b og 1c jafngildir ÍPFG 102. Þá hafa nokkrir grunnskólar boðið upp á íþróttufræðivalisáfangar í 10. bekk sem jafngildir almennum hluta 1a og eru ánægjulegt að sjá hvað margir þjálfarar nýta sér þennan möguleika.





Íþróttir og astmi

## Útgáfa

Fræðslufni ÍSÍ nýtur alltaf meiri og meiri eftirspurnar. Á tímabilinu var gefið út hefti um *Íþróttir og astma* með stuðningi frá GlaxoSmithKline lyfjafyrirtækinu auk þess sem kynningarbæklingur um *Fyrirmyndarfélag ÍSÍ* var gefinn út á síðasta ári. Endurprentanir á efni hafa hins vegar verið áberandi og má þar meðal annars nefna eftirfarandi efni:

- Íþróttir barna og unglinga
- Næring íþróttafólks
- Áfengi, andstæðingur afreka
- Tóbak, andstæðingur afreka
- Leiðbeinandi barna og unglinga (kennslubók)
- Þvagleki (með stuðningi frá Heilbrigðisráðuneytinu)

## Samstarf við íþróttifræðasetur KHÍ

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur átt gott samstarf við íþróttifræðasetur Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni. Haldin var sameiginleg ráðstefna um *Konur og íþróttir* en að auki hefur samvinna verið í tengslum við áfanga í íþróttastjórnun þar sem starfsfólk ÍSÍ hefur verið meðal kennara. Viðtæk samvinna á öðrum sviðum er einnig fyrir hendi og má þar nefna Ólympíuhóp ÍSÍ og samvinnu á sviði rannsókna.

